

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1365****2015/EES/74/76****frá 30. apríl 2015****um afhendingarsnið fyrir gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (1), einkum 5. mgr. 2. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með Evrópska þjóðhagsreikningakerfinu, sem sett var á stofn með reglugerð (ESB) nr. 549/2013 (ESA 2010), er komið á fót þjóðhags- og svæðisreikningakerfi til að mæta kröfum efnahags-, félags- og svæðisstefnu Sambandsins.
- 2) Vegna mikilvægis rannsókna og þróunarstarfsemi fyrir hagkerfið hafa verið þróaðar viðbótaraðferðir og samræmd og samanburðarhæf afhendingarsnið fyrir rannsóknar- og þróunargögn í tengslum við evrópska hagskýrslu-kerfið, en það er samstarf framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og hagstofa aðildarríkjanna og annarra landsyfirvalda sem bera ábyrgð í aðildarríkjunum á þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna.
- 3) Beita á aðferðafræðilegum reglum, sem kveðið er á um í viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 549/2013, þegar útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi eru skráð sem verg fjármunamyndun.
- 4) Í afhendingaráætluninni, sem sett er fram í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (ESA 2010), koma meðal annars fram árlegar upplýsingar um fastafjármuni og verga fjármunamyndun í þessum fjármunum. Nauðsynlegt er að aðildarríki afhendi áreiðanleg og samanburðarhæf gögn til framkvæmdastjórnarinnar á sértæku sniði til að tryggja hátt gæðastig þjóðhagsreikninga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*l. gr.***Efni**

Með þessari reglugerð er sett fram snið sem aðildarríki skulu nota til að afhenda gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi í þjóðhagsreikningum til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) til að tryggja áreiðanleika og samanburðarhæfi þessara gagna.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 211, 8.8.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 26.6.2013, bls. 1.

2. gr.

**Afhendingarsnið gagna**

Aðildarríkin skulu, þegar þau afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi fyrir þjóðarbúskapinn í heild, beita eftirfarandi sniði:

- a) AN.1171g, vergir fjármunir í rannsóknum og þróunarstarfsemi,
- b) AN.1171n, hreinir fjármunir í rannsóknum og þróunarstarfsemi,
- c) P.51g, AN.1171, verg fjármunamyndun í rannsóknum og þróunarstarfsemi.

3. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um gögn sem afhent eru frá og með 1. ágúst 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---